

Reykjavík, 28. febrúar 2022
MSS22010320

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda vefheimsókna.

Vísað er til bréfs, dagsett 14. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um fjölda vefheimsókna og notenda á vef borgarinnar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2022
MSS22010320

SVAR

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda vefheimsókna.

Á fundi mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 10. febrúar 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks óskar eftir upplýsingum varðandi fjölda heimsókna á vefsvæði Reykjavíkurborgar. Annars vegar heildarfjöldi heimsókna (fjöldi notenda) pr. mánuð, að meðaltali síðastliðna 12 mánuði. Og hins vegar fjölda heimsókna (fjöldi notenda) pr. mánuð, að síðum á erlendu tungumáli, að meðaltali síðastliðna 12 mánuði. Upplýsinganna er óskað í framhaldi af kynningu á nýju og endurbættu vefsvæði borgarinnar. Mikilvægt er að vefsvæði borgarinnar sé eftirsóknarverður miðill í upplýsingaleit borgarbúa um fjölbreytta þjónustu Reykjavíkurborgar. Þakkað er fyrir góða kynningu á nýjum vef borgarinnar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. febrúar 2022.

Svar:

Notast var við vefgreiningu úr hugbúnaðarlausn sem nefnist SiteImprove sem virkar á þann hátt að notaðir eru svokallaðir tölvuormar (e. net worms) sem eru samsettir úr röð kóða aðgerða til að lesa vefsvæðið yfir aftur og aftur og greina og skrásetja alls kyns stafrænar upplýsingar sem verða til á vefsvæðinu þegar það er heimsótt.

Til að gefa sem réttasta mynd voru teknar tölur úr vefgreiningartólinu fyrir árið 2021 í heild sinni í stað síðastliðinna 12 mánaða.

Í fyrirspurninni er talað um fjölda heimsókna og svo í sviga fjölda notenda. Fjöldi heimsókna er hversu oft notendur koma inn á vefsvæðið en til eru notendur sem opna síðuna mörgum sinnum í leit sinni eftir upplýsingum og svo notendur sem opna hana sjaldan, allt eftir sambandi viðkomandi við upplýsingagjöf borgarinnar.

Í samanburði við vefgreiningu er oftast notast við fjöldi heimsóknna (e. visits) en ekki fjölda notanda (e. unique visitors) þar sem erfitt getur verið að vita útskýringar á milli talnanna þegar kemur að fjölda notanda á vefsíðum. Hlutir á borð við stórar fréttatilkynningar, viðburðir o.fl. geta valdið miklum vexti á fjölda notanda sem eru þó aðeins að sækja sér upplýsingar í eitt skipti. Fjöldi notanda er svo í raun aðeins fjöldi vélbúnaðar (snjalltæki og tölvur) sem koma inn á vefsvæðið og gert er ráð fyrir því að mannlegur notandi standi þar að bak við en svo er ekki alltaf þar sem allskyns vefformar og sjálfvirkni getur einnig talið sem notendur, t.d. vefformurinn sem tekur þessar mælingar út.

Við leyfðum okkur því að taka bæði saman fjölda heimsóknna og fjölda notanda ásamt síðuskoðunum (e. page view) sem er hversu margar vefsíður hafa verið skoðaðar eða flett.

Mæling er s.s. gerð á þann hátt að hún telur hvern notanda sem heimsækir vefsvæðið og þá í hvert sinn og svo birtingu á þeim síðum sem notandinn skoðar.

Meðaltal á mánuði árið 2021 fyrir vefsvæði Reykjavíkurborgar:

- 136.371 heimsókn að meðaltali á mánuði
- 79.644 notendur að meðaltali á mánuði
- 373.560 síður skoðaðar að meðaltali á mánuði

Sjá nánar:

2021	Fjöldi heimsóknna	Fjöldi notanda	Síðuskoðanir
Janúar	128.943	68.697	373.171
Febrúar	109.775	59.246	338.163
Mars	138.465	72.575	394.941
Apríl	132.395	74.395	364.332
Mái	143.617	81.829	375.579
Júní	139.171	81.108	359.290
Júlí	107.758	68.951	280.568
Ágúst	144.721	87.546	395.289
September	161.971	95.283	435.910
Október	145.179	85.682	390.600
Nóvember	145.077	89.204	413.207
Desember	139.383	91.209	361.667
Meðaltal	136.371	79.644	373.560
Heild	1.636.455	955.725	4.482.717

Meðaltal á mánuði árið 2021 fyrir enskar síður á vefsvæði Reykjavíkurborgar:

- 5.106 heimsóknir að meðaltali á mánuði
- 4.416 notendur að meðaltali á mánuði
- 11.218 síður skoðaðar að meðaltali á mánuði



Sjá nánar:

2021	Fjöldi heimsóknna	Fjöldi notanda	Síðuskoðanir
Janúar	2.968	2.390	6.938
Febrúar	2.661	2.171	6.527
Mars	3.053	2.559	7.208
Apríl	3.290	2.828	7.609
Maí	4.288	3.685	9.017
Júní	5.227	4.527	11.056
Júlí	6.233	5.416	13.507
Ágúst	7.391	6.465	15.545
September	6.790	5.910	14.707
Október	6.922	6.104	14.659
Nóvember	6.777	5.878	16.330
Desember	5.674	5.054	11.511
Meðaltal	5.106	4.416	11.218
Heild	61.274	52.987	134.614

Rétt er að taka fram að ákveðið ójafnvægi er á samanburði á þessu gögnum, þar sem enskur hluti vefsvæðis Reykjavíkurborgar árið 2021 var ákveðinn hluti vefsvæðisins með margvíslegum upplýsingum á ensku. Það má því gera ráð fyrir að þær tölur séu einnig hluti af heimsóknartölum alls vefsvæðisins.

Þá er einnig vert að minnast á að ekki var um eiginlegar þýðingar að ræða heldur voru enskar vefsíður afurð af átaksverkefnum þar sem ákveðnar upplýsingar voru lagðar fram á ensku. Þá hafði ekki verið virk ritstýring á vefefni ensku síðnanna um nokkurt skeið og skorti uppfærslur á efninu og fleira.

Enski hluti vefsvæðisins í dag er mun yfirgrípsmeiri þar sem notast er við vélþýðingar og miðar að því að veita ekki bara ákveðnar upplýsingar á ensku heldur miðla sem mestu af þeim upplýsingum sem koma inn á aðal vefsvæðið yfir á enskt mál sem hægt er svo að nota sem grunn að fleiri málum á næstunni. Um raunverulegt enskt vefsvæði er þar að ræða þar sem allt vefsvæðið er gert aðgengilegt á því sama tungumáli. Á þennan hátt verður vefurinn líka aðgengilegri fyrir allskyns töl sem eru notuð fyrir vefaðgengi s.s. lestæki og hugbúnað sem notaður er fyrir heyrna- og sjónskerta.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur